

REFSIRÉTTARNEFND

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
M. 48	Átm. B4
Innk.	APR. 2015
IBR	15010021

Alþingi 16.4.2015

Málsnr.: 1412036

Málalykill: 0.34.2

436.mál

Virðulegur innanríkisráðherra
Ólöf Nordal
Sölvhóls götu 7
150 Reykjavík.

Reykjavík, 30. mars 2015

Þann 12. mars 2015 barst refsiréttarnefnd erindi innanríkisráðuneytisins, dagsett þann sama dag, þar sem þess er óskað að nefndin veiti umsögn sína um fram komið frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við hefndarklám), mál 468. Í erindi ráðuneytisins kemur jafnframt fram að beiðnin sé borin fram í samræmi við óskir allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Refsiréttarnefnd tók erindið til umræðu á fundi sínum þann 19. mars 2015. Að mati nefndarinnar þarfnast framangreint frumvarp frekari athugunar við. Þá telur nefndin nauðsynlegt að nánar sé rannsakað hvort þörf sé á sérstökum ákvæðum um það sem nefnt hefur verið hefndarklám. Í því sambandi vekur nefndin athygli á því að töluverð umræða fer nú fram á Norðulöndum um efnið auk þess sem nú er til meðferðar mál fyrir íslenskum dómstólum þar sem ákært er fyrir háttsemi eins og þá sem ákvæðum frumvarpsins virðist m.a. ætlað að ná til. Í ljósi alls framangreinds er það mat refsiréttarnefndar að áður en almennum hegningarlögum verður breytt í þá veru, að sú háttsemi sem nefnd hefur verið hefndarklám verður sérstaklega gerð refsiverð, þurfi að fara fram mun ítarlegri athugun á viðfangsefninu, þ. á m. á þörf slíkra breytinga, sem og frekari refsiréttarleg greining. Af þessum sökum er það jafnframt mat nefndarinnar að ekki sé ástæða til að hún veiti á þessu stigi umsögn sína um einstök efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. refsiréttarnefndar,

Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, formaður.

1870

1871

1872

1873

1874

1875

1876

1877

1878

1879

1880

1881

1882

1883

1884

1885

1886

1887